

AFMÆLISÞAKKIR

I

Það hefir dregist nokkuð að þakka fyrir mér auðsýnda velvild og vinahót á sjötugsafmæli mínu, og er þó ekki nein-um þakklætisskorti um að kenna. Því að mér var það mikið ánægjuefni, að komast að raun um, hversu margir minntust afmælis þessa vinsamlega, og þá ekki síst vegna þess, að ég lít á þetta sem vott um vaxandi eftirtekt gagnvart verki mínu. En það er mín heitasta ósk, að menn vildu láta sér að gagni verða svo sem má, þau sannindi, sem æviviðleitni mín hefir leitt í ljós, og getur það vitanlega ekki orðið nema menn veiti þeim vinsamlega eftirtekt, og beri það traust til mín, að mark sé takandi á orðum mínum, jafnvel þó að ég segi sumt, sem ótrúlegt kann að virðast.

Það er nú að vísu ekki að efa, að ýmislegt oflof var borið á mig í sambandi við afmæli þetta, en hinsvegar fannst mér þó nokkuð á það skorta, að fullmetið væri, hversu mjög ég hefi í viðleitni minni verið á vegum vísindanna, eða nánar tiltekið, náttúrufræðinnar. Athuganir mínar á eðli drauma eru óefað náttúrufræðilegs eðlis, og eftir að ég hefi gefið mig við því máli í 40 ár, leyfi ég mér að vera viss um, að ég hefi á því sviði gert nýjar undirstöðuuppgötvanir, þar sem skoðanamunur getur ekki komið til greina. Leiða þær upp-götvanir meðal annars til þess, að hinir umþráttuðu miðilfyrirburðir hætta að vera dularfullir og ósamstæðir vísindalegri þekkingu, og að nú má færa líffræðina út til stjarnanna, þó að slíkt hafi verið talið með öllu ómögulegt. En þegar mönnum fer að verða nægilega ljóst, að hér er um óyggjandi sannleik að ræða, mun skjótt vakna hinn nauðsynlegi áhugi á að koma upp stjörnusambandsstöð slíkri, sem ég hefi oft minnst á. En hinar góðu afleiðingar

af því, að stofnað væri til slíks fyrirtækis, mundu skjótt koma í ljós, og ekki að efa, að oss er mikil þörf góðra tíðinda og úr annarri átt en svo mörg eru nú.

II

Ein níðvísa barst mér á afmælinu, og lét skáldið ekki nafns síns getið. Og er níðið að vísu ekki alveg óréttmætt, að svo miklu leyti sem það lýtur að göllum þeim, sem eru á útvarpsframburði mínum. Hefi ég talað þar sjaldnar en æskilegt hefði verið, og æfingin því minni en skyldi. En þó er víst, að platan, sem útvarpið lét heyra á afmæli mínu, bar ekki oflof á mig sem ræðumann. Hafa það sagt mér þeir, sem ég veit að ég get vel treyst, að platan hafi talað mun verr en ég sjálfur, þegar ég hefi látið til mín heyra á þeim stað.

Afmælisvísa þessi er vel ort, og illvild sú til mín, sem hún lýsir, áreiðanlega engin uppgerð. En þegar ég ber vísu þessa saman við afmæliskvæði Þorsteins Erlingssonar til mín 1903, kemur mér í hug, að mikill er skáldamunur. Þorsteinn Erlingsson var sá snillingur, að hann skildi jafnvel þegar verk mitt var aðeins fyrir skömmu hafið, að nokkurs mikils mundi af mér mega vænta í upplýsingarefnum; en höfundur níðvísunnar heldur, að rétt sé á sjötugsafmæli mínu að yrkja um mig svo sem væri ég hálfgerður bjáni og þvaðrari.

Þegar ég var á ungum aldri, var sjálfstraustið ekki mikið, eins og ekki var heldur við að búast, og þegar ég varð þess var, að einhver leit á mig smáum augum, hætti mér við að halda, að þetta kæmi til af því, að þarna væri maður svo vitur, að hann skildi að ég mundi vera lítils verður. En lífsreynsla margra ára hefir kennt mér annað. Ég veit nú, að því vitrari sem menn eru og betur innrættir, því fremur get ég búist við að þeir meti mig nokkurs. Og kom þetta enn skemmtilega í ljós á þessu afmæli mínu.

Apríl, 1942